



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 31. maí 2012

1112018SA TP
Málalykill: 40

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga - 698. mál 140. lþ.

Vísað er til ofangreinds þingmáls, en nefndarmaður í velferðarnefnd mun hafa mælt fyrir því á þingfundi þann 4. maí sl. Málið er flutt af meirihluta velferðarnefndar og hefur verið til umfjöllunar á þremur fundum nefndarinnar nú í maí. Af ferli málsins verður ekki annað ráðið, en að ekki hafi staðið til að afla umsagna sveitarfélaga um málið með tíðkanlegum hætti, enda þótt fyrir liggja að 4. gr. frv. muni hafa veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin, með áformaðri breytingu á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir alvarlega athugasemd við að þessi lagabreyting skuli vera undirbúin og tilraun gerð til þess að hrinda henni í framkvæmd án samráðs við sveitarfélögin í landinu. Minnt er á að löggjafinn hefur lagt meginreglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga í 128. og 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en í fyrrnefndu greininni segir m.a. að formlegt samstarf skuli fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin, hagsmuni þeirra eða fjármál. Sambandið getur ekki litið öðruvísi á en svo að þessi regla eigi við þegar meirihluti þingnefndar flytur lagafrumvarp um mál, sem fyrir liggur með óbyggjandi hætti að unnið hefur verið að á vettvangi ráðuneyta og stofnana ríkisins.

Bent er á að heimildir sveitarfélaga til þess að krefjast dráttarvaxta af ógreiddum lögveðskröfum meðan skuldari er í greiðsluskjóli, hafa á umliðnum mánuðum verið til umfjöllunar á vettvangi embættis umboðsmanns skuldara (US), velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytisins. Fulltrúar sambandsins voru þannig sérstaklega boðaðir til fundar í innanríkisráðuneytinu þann 11. apríl sl., þar sem til umræðu voru vandkvæði sem US telur vera uppi í greiðsluáðlögunarferlinu.

Fram kom að US hefði verið í samskiptum við Reykjavíkurborg, en embætti borgarlögmanns hafði þá látið upp skýrt álit í þá veru að ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 verði ekki túlkað með öðrum hætti en að hugtakið vextir taki til almennra vaxta, dráttarvaxta og samningsvaxta. Af því leiði að þegar um er að ræða lögbundna dráttarvexti af sköttum sé stjórnvöldum (ríki og sveitarfélögum) ekki einungis heimilt að innheimta dráttarvexti heldur beinlínis skylt.

Á umræddum fundi var einnig rætt um þá löggjafarstefnu sem fylgt hefur verið og felst í því að lögveðskröfum njóti sérstakrar stöðu. Fulltrúar sambandsins bentu á að þessi afstaða styddist við gild rök, m.a. um jafnræði við innheimtu skatta og lögboðinna gjalda. Ítarleg og málefnaleg umræða yrði



að fara fram ef hverfa ætti frá þeirri stefnu. Lauk fundinum með ráðagerð um að aðilar myndu áfram ræða sín í milli.

Því vekur það vægast sagt furðu að frumvarp sem breytir 2. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010, skuli komið fram. Hvetur sambandið velferðarnefnd til þess að bíða með þá breytingu, þannig að hún verði tekin til umfjöllunar í haust samfara víðtækri umræðu, þar sem m.a. verði tekið af skarið um að möguleg breyting hafi ekki afturvirk áhrif og geti því ekki náð til einstaklinga sem fengið hafa frestun greiðslna (eru í greiðsluskjóli við gildistöku laga ef af verður).

Ennfremur þarf að vinna kostnaðarmat á áhrifum frumvarpsins fyrir fjárhag sveitarfélaga í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Telja verður að embætti umboðsmanns skuldara hafi allar forsendur til þess að vinna slíkt kostnaðarmat, en í samræmi við 2. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga myndi það koma í hlut velferðarráðuneytis að leggja matið fram til umsagnar hjá sambandinu, áður en kemur að endurnýjaðri umfjöllun um málið á þingi.

Þá óska fulltrúar sambandsins og Reykjavíkurborgar eftir því að fá að koma á fund velferðarnefndar áður en hún lýkur umfjöllun sinni um málið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit:
Borgarlögmaður, Kristbjörg Stephensen hrl.